

# HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2018

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2018 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 24. ágúst 2018.



## Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2018 var 380 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2017 upp á 346 m.kr.

EBITDA hækkar umtalsvert, var á fyrri helmingi 2018 1.214 m.kr. (35,1%) á móti 973 m.kr. (31,9%) á sama tímabili árið 2017.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 30. júní 2018 er 41,4% en var 41,9% á sama tímabili 2017.

Veltufjárhlutfall var 2,27 þann 30. júní 2018 samanborið við 0,68 í árslok 2017.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok júní áttu þeir hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

## Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2018 nam 380 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2017 upp á 346 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 34 m.kr. sem skýrist að mestu af aukinni orkusölu og betri nýtingu veitukerfanna.

Tekjur hækkuðu um 13,53% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2018, 3.463 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.816 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.099 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 343 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 205 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2017 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 3.050 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.544 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 998 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 322 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 185 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 10,2% á milli ára á meðan tekjur jukust um 13,5%. Kostnaðarverð sölu nam 2.320 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2018 (67% m.v. tekjur) á móti 2.105 m.kr. á sama tímabili 2017 (69% m.v. tekjur). Kaup á heitu og köldu vatni, raforku og rafokuflutningi hækka í heild um 148 m.kr. og vegur þar þyngst hækkun á flutningskostnaði Landsnets. Rekstur megindeilda hækkar samtals um 28 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli tímabila um 77 m.kr., var 396 m.kr. á fyrri helmingi 2018 og 318 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2017.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 305 m.kr. fyrir hluta ársins 2018 á en voru neikvæð upp á 232 m.kr. á sama tímabili 2017, eða alls hækkun á milli ára um 73 m.kr. Fjármunatekjur hækka úr 56 m.kr. árið 2017 í 137 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2018, vaxtagjöld hækka úr 193 m.kr. í 270 m.kr. og verðbætur hækka úr 95 m.kr. í 172 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 61 m.kr. fyrir fyrri hluta 2018 á móti 48 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2017. Rétt er að benda á að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 123 m.kr. en var jákvæð um 141 m.kr. á sama tímabili árið 2017.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2018 er 1.214 m.kr. (35,1%) á móti EBITDA 973 m.kr. (31,9%) fyrir sama tímabil árið 2017.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2018 bókfærðar á 31.423 m.kr. og hækkuðu um 6.350 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2018 námu alls um 1.700 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.097 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 483 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 48 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 72 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í fastafjármunum 871 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 426 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 210 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 49 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 186 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru 24 m.kr. á móti 115 m.kr. árið áður og var þar aðallega um kostnað við upplýsingakerfi að ræða.

Eigið fé HS Veitna hf nam 13.009 m.kr. þann 30. júní 2018 (eiginfjárhlutfall 41,4%) en eigið fé í ársbyrjun var 12.638 m.kr. (eiginfjárhlutfall 50,4%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2018 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 15 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2018. Reikningsskilastaðallinn inniheldur nýja viðmiðun við skráningu tekna og kemur í stað reglna um tekjuskráningar sem áður var að finna í IAS 11 og IAS 18.

Áhrif á eigið fé félagsins 1. janúar 2018 eru metin með hliðsjón af reglum staðalsins við skráningar á tengigjöldum og dreifingu þeirra á síðari tímabil. Fyrirframinnheimt tengigjöld í árslok 2017 námu 591 m.kr. og var eigið fé hækkað um 490 m.kr. við innleiðingu á staðlinum að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2018		01.01 - 30.06. 2017		Breyting milli ára
		%		%	
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	3.462.574	100,0%	3.049.805	100,0%	13,5%
Kostnaðarverð sölu	( 2.320.227 )	( 67,0% )	( 2.105.383 )	( 69,0% )	10,2%
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>1.142.347</b>	<b>33,0%</b>	<b>944.422</b>	<b>31,0%</b>	<b>21,0%</b>
Annar rekstrarkostnaður	( 395.656 )	( 11,4% )	( 318.306 )	( 10,4% )	24,3%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	746.691	21,6%	626.116	18,1%	19,3%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 305.296 )	( 8,8% )	( 232.048 )	( 7,6% )	31,6%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	441.395	12,7%	394.068	12,9%	12,0%
Tekjuskattur	( 60.957 )	( 1,8% )	( 48.404 )	( 1,6% )	25,9%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>380.438</b>	<b>11,0%</b>	<b>345.664</b>	<b>11,3%</b>	<b>10,1%</b>
	<b>30.6.2018</b>		<b>31.12.2017</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	24.635.994	78,4%	23.403.891	93,3%	5,3%
Veltufjármunir	6.787.088	21,6%	1.668.897	6,7%	306,7%
<b>Eignir samtals</b>	<b>31.423.082</b>	<b>100,0%</b>	<b>25.072.788</b>	<b>100,0%</b>	<b>25,3%</b>
Eigið fé	13.008.804	41,4%	12.638.206	50,4%	2,9%
Langtímaskuldir	15.424.643	49,1%	9.981.416	39,8%	54,5%
Skammtímaskuldir	2.989.635	9,5%	2.453.166	9,8%	21,9%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>31.423.082</b>	<b>100,0%</b>	<b>25.072.788</b>	<b>100,0%</b>	<b>25,3%</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	1.213.821	35,1%	973.052	31,9%	24,7%
Veltufjárlutfall	2,27		0,68		233,7%
Eiginfjárlutfall	41,4%		50,4%		( 17,9% )

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.